

Alþingi
Erindi nr. P 139/1637
komudagur 9.3.2011

Árni Davíðsson
Suðurbraut 1
200 Kópavogur
netfang: arnid65@gmail.com

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogur, 7. mars 2011

Umsögn um frumvarp til umferðarlaga, þskj. 943 — mál ~~553~~ 495.

Undirritaður vill gera eftirfarandi athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til umferðarlaga.

55. grein

Undirritaður lýsir stuðningi við hækkun bílprófsaldurs í 18 ár, sem lögð er til í þessu frumvarpi.

83. grein.

Lagt er til að hugtakið þéttbýli verði felld brott úr 2. mgr. 83. gr. Málsgreinin verði svona:

„Sveitarstjórn er heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.“

Skýring:

Óþarfi virðist að binda þetta ákvæði við þéttbýli. Athygli er vakin á því að aðeins eitt sveitarfélag á landinu virðist hafa sett reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Lagt er til að sett verði inn nýjar málsgreinar í 83. grein svo hljóðandi:

„Lóðarhöfum er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana. Lóðarhafar geta bundist samtökum og stofnað rekstrarfélag um rekstur stöðureita á lóðum sínum og gjalddöku fyrir hana. Gjaldtaka lóðarhafa fyrir notkun stöðureits fellur ekki undir 110. grein laganna enda er um gjald fyrir afnot að stöðureit á lóð lóðarhafa að ræða. Lóðarhafa er heimilt að leggja á aukastöðugjald ef reglur um notkun stöðureits eru brotnar. Upphæð aukastöðugjalds má þó ekki vera hærra en 20.000 kr á dag.“



Skýring:

Eðlilegt er að lóðarhafar geti rukkað fyrir afnot af bílastæðum sem þeir hafa kostað og eru svo sannarlega ekki ókeypis. Skynsamlegt er að margir lóðarhafar geti bundist samtökum og stofnað sér rekstrarfélag um stöðureitinn. Þar sem um gjald fyrir afnot er að ræða er óeðlilegt að líta á gjaldtökuna sem sekt. Tilgangur stöðugjalda er einkum tvennskönar. 1) Að láta þann sem notar stöðureitinn borga fyrir afnotin en ekki óskylda aðila svo sem útsvarsgreiðendur eða þá sem ekki nota bíl. Með „ókeypis“ bílastæðum er verið að niðurgreiða notkun einkabíla fyrir eigendur þeirra og láta alla bera kostnaðinn af einkanotum bílaeigandans. 2) Að tryggja viðunandi framboð af bílastæðum þar sem margir eiga leið um og sumir myndu láta bíla standa of lengi og of nálægt þeirri þjónustu sem sótt er og hindra þar með aðgang annarra að. Með aukastöðugjöldum er tryggt að notendur stöðureita fari eftir reglum um tímalengd, og vandaða stöðu bíls í stæði þannig að einn bíll leggi t.d. ekki í tvö stæði. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa ákvæði um aukastöðugjald. Rétt er þó að binda upphæð aukastöðugjalds við hámarksupphæð svo það verði lóðarhöfum ekki að fêþúfu og er hér miðað við ákvæði 110. gr. sem dæmi.

Lagt er til að sett verði inn ný málsgrein í 83. grein, svo hljóðandi:

„Reglur um notkun stöðureita og gjaldskrá fyrir hana skal auglýst í stjórnartíðindum og á áberandi stað við stöðureiti. Innheimta má stöðugjöld með lögtaki í viðkomandi ökutæki.“

Skýring:

Eðlilegt er að reglur og gjaldskrá sé auglýst almenningi og öðrum notendum.

Lagt er til að sett verði inn ný málsgrein í 83. grein, svo hljóðandi:

„Sveitarstjórn og lóðarhöfum er heimilt að fela óháðum rekstraraðila eftirlit með notkun stöðureita. Rekstraraðilar stöðureita skulu hafa gæðakerfi.“

Skýring:

Eðlilegt er að hægt sé að fela fyrirtæki eða félagi með ýmsum rekstrarformum að annast rekstur og eftirlit með stöðureitum. Jafnframt er rétt að vinnubrögð þess séu stöðluð og vönduð í hvívetna.



Arni Davíðsson

